

Minnisblað um hugsanlegar breytingar á vörugjaldsálagningu

Í skattafrumvarpinu sem nú liggur fyrir Alþingi er lagt til að vörugjald á byggingarvörum verði hækkað úr 9% í 10%, meðal annars til að mæta tekjutapi ríkissjóðs af lækkun virðisaukaskatts á matvælum. Sú breyting átti að skila ríkissjóði rúmlega 60 m.kr. Nú hefur komið upp sú hugmynd að afnema vörugjald af allstórum flokkum byggingarvara, meðal annars málningu, pakka og einangrunarplötum og að tekjutapinu verði mætt með frekari hækkun á öðrum byggingarvörum. Tekjur af þessum vöruflokkum eru áætlaðar liðlega 120 m.kr. m.v. 10% vörugjald.

Til að ná þessum tekjum þyrfti að hækka vörugjald af öðrum byggingarvörum um 3% í stað 1% eins og lagt er til í frumvarpinu. Þær byggingarvörur sem hér um ræðir eru alls konar gólfefni, hreinlætistæki, raflagnaefni o.fl. Rétt er að nefna að í þessum útreikningum er miðað við að snyrtivörur og eldunartæki hækki samsvarandi, en þær vörur eru í sama gjaldflokki og byggingarvörurnar.

Vægi vörugjaldsskyldra vara í vísitölu byggingarkostnaðar er um 13%. Útfærslan í frumvarpinu, þ.e. hækkun hlutfallsins um 1% (1,25% á innfluttum vörum), hækkar byggingarvísitöluna um nálægt 0,15% og lánskjaravísitöluna um 0,04%.

Hugmynd um breytta útfærslu dregur úr þessu vægi, eða úr 13% í 10%, en á móti kemur meiri hækkun á hlutfallinu. Verðlagsáhrifin yrðu því meiri af nýju útfærslunni en þeirri sem kynnt er í frumvarpinu, eða tæplega 0,4% hækkun á byggingarvísitölunni. Samsvarandi hækkun á lánskjaravísitölu yrði um 0,13%.

Meginskýring þess að verðáhrifin eru meiri í nýju útfærslunni en af tillögu frumvarpsins er sú að hér á sér stað tilflutningur frá viðhaldsvörum (málning) yfir á vörur til nýbygginga (hreinlætistæki, raflagnaefni), en vísitala byggingarkostnaðar er eingöngu mælikvarði á kostnað við nýbyggingar.